

Vísað til öldungaráðs 6.12.2019

***Tillaga Fulltrúa Flokks fólksins um að kanna hvernig aldursfordómar birtast í borgarkerfinu: fundur velferðarráðs 4. desember 2019:***

Tillaga um að kanna hvernig aldursfordómar birtast í borgarkerfinu, í samþykktum borgarinnar og regluverki borgarinnar sem fjalla um eldri borgara. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að velferðarráð og velferðarsvið geri úttekt á hvernig aldursfordómar birtast í borgarkerfinu, í samþykktum borgarinnar og regluverki borgarinnar sem fjalla um eldri borgara. Markmiðið er að draga úr öldrunarfordómum og fyrsta skrefið hlýtur að vera að skoða með hvaða hætti stjórnkerfi borgarinnar fjallar um eldri borgara, hvað hindranir og takmörk samþykktir og regluverk setur fólki sem grundvallast einungis á aldri þeirra. Metið verði hvort samþykktir og regluverk borgarinnar mismuni að því er varðar réttindi og skyldur umfram það sem mætti telja eðlilegt vegna þroska og getu, hvort tilefni sé til að fella brott aldurstengd viðmið, hvort frekar skuli miða við hæfni eða önnur málefnaleg viðmið í stað aldurs. Öldrunarfordómar eru rótgrónir víða í samfélaginu og þeir snerta afar stóran hóp, ekki bara eldra fólk heldur líka aðstandendur þeirra og þá sem vinna með eldra fólk. Fyrsta skrefið í átt að því að eyða öldrunarfordómum er að stjórnkerfið skoði sjálft sig enda leggur það línurnar og setur fyrirmyndirnar. Fordómarnir gagnvart öldruðum koma auk þess fram með margvíslegum öðrum hætti t.d. í umræðunni í heilbrigðiskerfinu og í umræðu um félagslega kerfið. Þeir koma fram í umræðu um eldri borgara hvað varðar allt mögulegt.

***Greinargerð:***

Hvað eru aldursfordómar? Aldursfordómar vísa til staðlaðrar ímyndar og fordóma gegn fólki á tilteknum aldri, til að mynda eldra fólks, alveg eins og kynþáttafordómar og kynjamisrétti verða vegna húðlitar eða kynferðis. Dæmi um fordóma gegn öldruðum er þegar því er haldið fram að aldraðir séu staðnaðir, sérvitrir og heilsulausir o.s.frv. Það væri vert að Reykjavíkurborg gerði frekari könnun á hvort eldri borgara séu almennt að upplifa aldursfordóma og þá með hverjum hætti. Það að eldri borgarar geti ekki unnið eins lengi og þeir vilja eru fordómar. Gert er ráð fyrir að á vissum aldri verði eldri borgarar skyndilega slakari þátttakendur á atvinnumarkaði aðeins vegna þess að þeir hafi náð vissum aldri.